

FÉLAGSRÁÐGJAFAPING

21. febrúar 2025

8:30-9:00	Innritun og morgunkaffi					
9:00-9:10	Setning – Steinunn Bergmann formaður FÍ					
9:10-9:20	Ávarp – Heiða Björg Hilmisdóttir formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga					
9:20-9:30	Úthlutun styrkja úr Vísindasjóði FÍ Ásta Kristín Benediksdóttir formaður vísindanefndar					
9:30-10:10	Geraldine Nosowska félagsráðgjafi og forstöðumaður Effective Practice Relationships, Rights and Allyship: social workers' impact in an ageing and ageist society					
10:10-10:30	KAFFIHLÉ					
10:30-11:00	Geraldine Nosowska félagsráðgjafi og forstöðumaður Effective Practice I'm not a robot: ethics and practice of social work in a digital world					
11:00-11:30	Dr. Steinunn Hrafnisdóttir prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands Niðurstöður rannsóknar á vinnuumhverfi félagsráðgjafa á Norðurlöndum					
11:30-12:00	Vinnuumhverfi félagsráðgjafa, pallborð – Geraldine Nosowska, Steinunn Hrafnisdóttir, María Rós Skúladóttir félagsráðgjafi hjá KPMG og Sirrý Sif Sigurlaugardóttir doktorsnemi við Félagsráðgjafardeild HÍ með sérhæfingu í öldrunarfræðum Stjórnandi pallborðs: Halldór S. Guðmundsson dósent við Félagsráðgjafardeild HÍ					
12:00-13:00	HÁDEGISVERÐUR					
Lota 1	Stofa D	Stofa E	Stofa F	Stofa G	Stofa H	Stofa I
13:00-14:00	Félagsráðgjöf: að höndla framandi áskoranir og ógnir á tækniöld	Akureyrarklíníkin, bataferli og samfélagsvinna	Merki um öryggi Signs of Safety	Vanræksla og ofbeldi gagnvart börnum	Heiðurstengt ofbeldi og stuðningur við hinsegin flóttafólk	Breytingar á örorku- og endurhæfingar-lífeyriskerfinu
14:00-14:15	KAFFIHLÉ					
Lota 2	Stofa D	Stofa E	Stofa F	Stofa G	Stofa H	Stofa I
14:15-15:15	Nýting gervigreindar og gagna í félagsráðgjöf	Fjármál á gervihnattaröld	Farsæld barna og áföll – áskoranir í nútímanum	Börnin okkar – börn með fjölþættan vanda	Að vera heilbrigður er að líða vel líkamlega, andlega og félagslega	Fátækt og valdeflandi velferðarkerfi
15:15-15:30	KAFFIHLÉ					
Lota 3	Stofa D	Stofa E	Stofa F	Stofa G	Stofa H	Stofa I
15:30-16:30	Streitustjórnun og handleiðsla	Uppbyggileg réttvísi og birtingarmyndir ofbeldis	Skólafélagsráðgjöf og farsæld barna	Raddir barna SES og Sáttamiðlun	Réttur barna til öruggar umönnunar: Fæðingarorlofskerfi og leikskóli	Greiningar um fátækt. Gagnadrifin félagsráðgjöf til framtíðar
16:30-18:00	MÓTTAKA					

Félagsráðgjöf: að höndla framandi áskoranir og ógnir á tækniöld

Stofa D

Umsjón málstofu: Dr. Sigrún Júlíusdóttir

Í málstofunni er fjallað um þá hugmyndafræði félagsráðgjafar sem gerir faginu eiginlegt að vera í takt við samfélagsaðstæður og breytilegar þarfir skjólstaðinga á hverjum tíma útfrá ólíkum lífsskilyrðum þeirra. Tæknivæðing samfélags og umturnun mannslegs lífs og samskipta á „gervihnattaöld“ kalla á nýjar áherslur námsins þannig að það undirbúi verðandi félagsráðgjafa fyrir að mæta framandi fjölbreytileika, nýjum breytingaröflum og áskorunum, og að geta höndlað þau með samþættum huga, heila og hönd. Í því sambandi er athygli beint að tvenndarhyggju sem lengi hefur verið í senn áskorun og þróunarhemill fyrir félagsráðgjöf sem fag- og fræðigreinin. Kynntar eru leiðir til nýhugsunar, m.a. í félagsráðgjafarnámi, sem geta opnað leiðir gegn takmörkunum tvenndarhyggju. Það er, hugmyndir um það hvernig losa megi um spennusvið milli fræða og fags, vettvangsstarfs og rannsókna, viðhorfa um aktivisma og meðferðarstarf sem andstæður. Þetta vinnur saman þegar best lætur. Þannig útvíkkuð heildarsýn og samhengisskilningur er jafnframt forvörn gegn persónulegri úttaugun og faglegrri örmögnun.

Dagskrá:

- 13:00-13:20 Saga og samtími. Dr. Sigrún Júlíusdóttir prófessor emerita og Ragnheiður Hergeirsdóttir lektor við Félagsráðgjafardeild HÍ
- 13:20-13:35 Heildarhyggja í stað tvenndarhyggju. Dæmi: Samþætt meðferðarstarf og aktifismi. Dr. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor emerita
- 13:35-13:45 Námið og vettvangur: nýjar leiðir í félagsráðgjafarnámi gegn hömlum tvenndarhyggju. Ragnheiður Hergeirsdóttir, lektor og Oddný Jónsdóttir, aðjúnkt við Félagsráðgjafardeild HÍ
- 13:50-14:00 Umræður

Akureyrarklínikin, bataferli og samfélagsvinna

Stofa E

Umsjón málstofu: Erla Björg Sigurðardóttir

Í málstofunni verður fjallað um Akureyrarklínikina sem er ný þekkingar- og ráðgjafarmiðstöð, þróun bataauðs í bataferli frá vímuefnafíkn og samfélagsvinnu sem ein af megin aðferðum félagsráðgjafar.

Dagskrá:

- 15:30-15:45 Akureyrarklínikin er fyrst sinnar tegundar í heiminum sem rekin er af hinum opinbera. Um er að ræða samstarfsverkefni SAK og HSN sem þekkingar – og ráðgjafamiðstöð fyrir ME sjúkdóminn og eftirstöðvar Covid 19. Akureyrarklínikin samanstendur af þverfaglegu teymi lækna, sjúkrapjálfa, félagsráðgjöfum, iðjupjálfa og hjúkrunarfræðings. Teyminu er ætlað að sinna ME sjúklingum á landsvísu bæði í staðarviðtölum en einnig fjarviðtölum. Bati getur verið mjög hægur og í sumum tilfellum lítill sem enginn. Það þarf frekari vitundarvakningu um eðli sjúkdómsins, meðferð og batahorfur. Ingunn Eir Eyjólfsdóttir og Lilja Sif Þórisdóttir, félagsráðgjafar
- 15:45-16:00 Þróun bataauðs í bataferli frá vímuefnafíkn – fjallað verður um rannsókn sem var ætlað að kortleggja bataauð og bakgrunnsupplýsingar einstaklinga sem eru í meðferð vegna áfengis og/eða annars vímuefnavanda með því að mæla bataauð þeirra. Áhersla er á að kanna hvaða stuðningur stuðli að bataauð og hvort bataauður aukist yfir tíma. Erla Björg Sigurðardóttir, félagsráðgjafi og lektor við Félagsráðgjafardeild HÍ

- 16:00-16:15 Samfélagsvinna er ein af fjórum megin aðferðum félagsráðgjafar. Hún hefur sýnt sig vera árangursrík í forvarnarstarfi og þegar bregðast þarf við ógnunum og áföllum í samfélögum. Með aukinni áherslu á einstaklingsvinnu og einstaklingsmiðaðar nálganir á undanförunum áratugum hefur notkun vinnuaðferða samfélagsvinnu dvínað, og margt bendir til að áhugi félagsráðgjafa á þessum aðferðum hafi minnkað. Hervör Alma Árnadóttir, dósent við Félagsráðgjafardeild HÍ
- 16.15-16.30 Umræður

Merki um öryggi – Signs of Safety

Stofa F

Umsjón umræðustofu: Gyða Hjartardóttir

Barna- og fjölskyldustofa býður til samtals um Merki um öryggi - Signs of Safety (SofS). Um er að ræða gagnreynda hugmyndafræði, verkfæri og verklag í barnaverndarvinnu. Framkvæmdaáætlun í barnavernd tiltekur að á tímabili áætlunar (2023 – 2027) verði heildræn innleiðing á verklagi og hugmyndafræði öryggismerkis í vinnulagi félagsráðgjafa og annarra fagstétta í barnavernd og félagsþjónustu á Íslandi. Innleiðingin hefst haustið 2025 hjá öllum barnaverndarþjónustum landsins og er stýrt af Barna- og fjölskyldustofu í samstarfi við Félagsráðgjafafélag Íslands og fleiri hagaðila. Markmiðið með innleiðingunni er að nýtt verklag og áhættumat um viðbrögð á sviði barnaverndar verði samræmt á landsvísu, sem og að stuðningur og ráðgjöf verði eflað við starfsmenn barnaverndarþjónustu svo að mál barna verði unnin með kerfisbundnari hætti. Í málstofunni verður fjallað um hugmyndafræðina, innleiðinguna sem er fram undan, verkfæri fagmannsins og væntingar til þess hverju innleiðingin muni skila. SofS leggur til samræmt verklag og verkfæri til að vinna barnaverndarvinnu skv. barnaverndarlögum og ýmis verkfæri fyrir fagfólk, eins og m.a. verkfæri til að tala við börn á þeirra forsendum. Lykiláhersla er á að tryggja öryggi barns og að styrkja fjölskylduna og nánasta stuðningsnet hennar til að takast á við þær áskoranir og ábyrgð sem fylgir uppeldi barns. Lykiláhersla er lögð á að barnvæna nálgun með faglegum verkfærum sem er ætlað að fá fram raddir barna án þess að láta börnin bera ábyrgð á þeim aðstæðum sem það er í.

Dagskrá:

- 13:00 - 13:25 Hugmyndafræðin, samræmt verklag og innleiðingin á Íslandi. Gyða Hjartardóttir
félagsráðgjafi og Páll Ólafsson félagsráðgjafi og framkvæmdastjóri Farsældarsviðs BOFS
- 13:25 – 13:45 Áskoranir barnaverndarstarfsfólks, ný verkfæri og væntingar. Bergdís Ýr Guðmundsdóttir og Guðrún Jónsdóttir, félagsráðgjafar
- 13:45 – 14.00 Umræður

Vanræksla og ofbeldi gagnvart börnum

Stofa G

Umsjón málstofu: Dr. Guðný Björk Eydal

Í málstofunni verða kynntar niðurstöður þriggja rannsókna er varða þróun tilkynninga til barnaverndarþjónustu, afdrif mála sem snúa að líkamlegu ofbeldi gagnvart börnum og mál þar sem börn hafa látist af völdum ofbeldis eða vanrækslu.

Dagskrá:

- 13:00-13:15 Útkall til þjóðar: Tilkynningar til barnaverndar á tímum COVID-19 faraldursins. Dr. Eva Dögg Sigurðardóttir, lektor og Dr. Guðný Björk Eydal, prófessor við Félagsráðgjafardeild HÍ
- 13:15-13:30 Líkamlegt ofbeldi: Afdrif mála sem Barnavernd Reykjavíkur hefur vísað til rannsókna hjá lögreglu Elísabet Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi og Dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir dósent við Félagsráðgjafardeild HÍ

- 13:30-13:45 Börn sem hafa látist af völdum ofbeldis eða vanrækslu hér á landi. Dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir
- 13:45-14:00 Umræður

Heiðurstengt ofbeldi og stuðningur við hinsegin flóttafólk

Stofa H

Umsjón málstofu: Helena Wolimbwa

Á málstofunni verða tvö erindi um heiðurstengt ofbeldi og einnig kynning á rannsókn á stuðningi við hinsegin flóttafólk.

Dagskrá:

- 13:00-13:15 „En svo breytast þau þegar þau labba út úr viðtalinu“: Sjónarhorn og reynsla starfsfólks í starfi félagslegrar þjónustu og stuðningi við hinsegin flóttafólk. Kynning á niðurstöðum rannsóknar. Dr. Guðbjörg Ottósdóttir lektor við Félagsráðgjafadeild HÍ
- 13:15-13:30 Heiðurstengt ofbeldi, birtingarmyndir og aðkoma félagsráðgjafa af slíkum málum. Edda Ólafsdóttir félagsráðgjafi
- 13:30-13:45 Patriarch-2 áhættumatstækið sem notað er við að meta hættu í heimilisofbeldismálum sem eru flokkuð sem heiðurstengt ofbeldi. Fjallað verður um samvinnu lögreglu við barnavernd og félagsþjónustu í málum sem snúa að heiðurstengdu ofbeldi og rætt um nýfallinn dóm þar sem að fjórir aðilar voru sakfelldir en þetta er í fyrsta sinn sem heiðurstengt ofbeldi er ávarpað í niðurstöðu dóms. Sædis Jana Jónsdóttir, sérfræðingur hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu
- 14:45-14:00 Umræður

Breytingarnar á örorku- og endurhæfingarlífeyriskerfinu sem taka gildi 1. september 2025.

Stofa I

Umsjón málstofu: Svanbjörg Berg Sigmarsdóttir

Fjallað verður um þá vinnu sem er hafin innan TR vegna breytinga á örorku- og endurhæfingarlífeyriskerfinu sem taka gildi 1. september 2025. Farið verður yfir lagalegar breytingar, rætt um stöðuna í dag og hvaða áhrif breytingarnar hafa á núverandi framkvæmd. Kynntar verða helstu nýjungar í kerfinu, þjónustugátt fyrir heilbrigðisstarfsfólk, samhæfingarteymi, hvað það þýðir að skoða einstaklinga frá mismunandi háttum og samþætt sérfræðimat í stað núverandi örorkumats.

Dagskrá:

- 13:00 – 13:15 Nýtt kerfi – umbætur í þína þágu, sjúkra- og endurhæfingargreiðslur. Svanbjörg Berg Sigmarsdóttir, teymisstjóri endurhæfingarteymis TR og félagsráðgjafi
- 13:15 – 13:30 Samhæfingarteymi. Sigrún Edda Jónsdóttir verkefnastjóri
- 13:30-13:45 Samþætt sérfræðimat – ICF. Linda Bára Lýðsdóttir sálfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík
- 13:45-14:00 Umræður

Nýting gervigreindar og gagna í félagsráðgjöf

Stofa D

Umsjón umræðustofu: María Rós Skúladóttir

Fjallað verður um hvernig við getum við nýtt tæknina í umhverfi félagsráðgjafans, þannig að aukið rými skapist til þess að sinna því sem mestu máli skiptir eða þjónustuþeganum. María Rós Skúladóttir félagsráðgjafi

Umræðuspurningar:

1. Hvernig nýtum við tölfræðigögn og spáum fyrir um framtíðina, getum við gert vinnuumhverfið okkar skilvirkara? Eru tækifæri í því að nýta hlutlæga mælikvarða sem með kerfisbundnum hætti meta þætti í starfsumhverfinu?
2. Gervigreind, staðan í dag?
3. Hvernig getum við nýtt okkur gagnreyndar aðferðir og tæknina við að meta t.d. verkefnaálag, verkefnastöðu og tímalengd máls. Hvernig náum við yfirsýn yfir það sem við erum að gera?
4. Málavog í félagsþjónustu og gagnvirk málavog í Barnavernd - Stafræn og gagnvirk lausn sem hefur tengingar inn í málaskrárkerfi. Stuðlar málavog að réttlátari dreifingu fjármagns sem fer í málaflokka félagsþjónustu. Mun hún auka gagnsæi og stuðla að faglegra og betra starfsumhverfi?

Fjármál á gervihnattaöld

Stofa E

Umsjón málstofu: Nadía Borisdóttir

Málstofan fjallar um mikilvægi þess að félagsráðgjafar geti áttað sig á fjármálastöðu einstaklinga og fjölskyldna, geti veitt markvissa ráðgjöf þar sem unnið er með fjármál til að draga úr einsemd og félagslegri einangrun. Fjallað verður um hvernig rafræn tækni er ein af samfélagslegum áskorunum nútímans og hvernig félagsráðgjafar geti stuðlað að valdeflingu og aukinni þátttöku viðkvæmra hópa.

Dagskrá:

- 13:00-13:15 Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar. Sveindís Anna Jóhannsdóttir, félagsráðgjafi
- 13:15-13:30 Hjálparstarf Kirkjunnar. Guðný Helena Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi
- 13:30-13:45 Ráðgjafaskólinn Leiðin til velgengni. Katrín Ósk Garðarsdóttir, ráðgjafi
- 13:45-14:00 Umræður

Farsæld barna og áföll – áskoranir í nútímanum

Stofa F

Umsjón málstofu: Dr. Sigrún Harðardóttir

Áföll af ýmsum toga geta haft alvarleg áhrif á þroska og velferð barna til framtíðar litið. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að skólar og aðrar stofnanir mæti þörfum barna sem verða fyrir áföllum s.s. vegna ástvinamissis, skilnaðar foreldra, fátæktar og samfélagslegra áfalla líkt og náttúruhamfara. Íslenskar og erlendar rannsóknir hafa sýnt að börn sem verða fyrir slíkum áföllum séu í meiri hættu á að hverfa frá námi og búa við slaka heilsu og félagslegar aðstæður síðar á ævinni.

Dagskrá:

- 14:15-14:35 Farsæld barna á tímum samfélagslegra áfalla. Börn sem búa við erfiðar aðstæður eða eru jaðarsett eru líklegri en önnur til að búa við langvarandi og alvarlegri vanda að stríða. Ragnheiður Hergeirsdóttir lektor við Félagsráðgjafardeild HÍ
- 14:35-14:55 Mikilvægi skólans í því að mæta þörfum barna sem verða fyrir áföllum. Í erindinu verður meðal annars sagt frá nýju 60 eininga viðbótarnámi á meistarastigi við Félagsráðgjafardeild HÍ sem ber heitið *Diplómanám í farsæld barna, áföll og samþætt þjónusta*. Sigrún Harðardóttir dósent við Félagsráðgjafardeild HÍ
- 14:55-15:15 Umræður

Börnin okkar - börn með fjölþættan vanda

Stofa G

Umsjón málstofu: Guðrún Þorsteinsdóttir

Málstofa á vegum fagdeilda í barnavernd og heilbrigðisþjónustu um málefni barna með fjölþættan vanda. Hinir flóknu erfiðleikar sem börnin og fjölskyldur þeirra glíma við, skapa miklar áskoranir fyrir fjölskylduna í heild sinni, og oft þarf aðkomu margra aðila með ólíka nálgun, frá mismunandi þjónustukerfum.

Dagskrá:

- 14:15-14:30 "Börnin okkar" - Fjallað verður um stöðu barna sem glíma við fíkní- og/eða alvarlegan hegðunarvanda þar sem farið verður yfir stöðu þessara barna og þá þjónustu sem stendur til boða. Berglind Ósk Filippíudóttir, félagsráðgjafi
- 14:30-14:45 Sérfræðingateymi um málefni barna með fjölþættan vanda. Fjallað verður um starf sérfræðingateymisins, hlutverk þess og þau mál sem teymið hefur fengið til umfjöllunar frá árinu 2020. Guðrún Þorsteinsdóttir, félagsráðgjafi
- 14:45-15:00 Tækifæri við móttöku barna með hegðunar- og/eða fíknivanda á bráðamóttöku Landspítalans. Gunnlaug Thorlacius, félagsráðgjafi
- 15:00-15:15 Umræður

Að vera heilbrigður er að líða vel líkamlega, andlega og félagslega

Stofa H

Umsjón málstofu: Dr. Helga Sól Ólafsdóttir

Félagsráðgjafar heilsugæslunnar aðstoðað einstaklinga, pör eða fjölskyldur sem standa frammi fyrir félagslegum, andlegum eða fjölskylduvandamálum sem hafa áhrif á heilsu þeirra. Félagsráðgjafar eru hluti af þverfaglegu teymi og geta veitt faglega ráðgjöf varðandi félagsleg réttindi í tengslum við heilsuþrest ásamt stuðning í erfiðum aðstæðum. Oft geta þeir leiðbeint einstaklingum og fagfólki til að fá rétta þjónustu á réttum stað á réttum tíma. Sálfélagslegt hlutverk félagsráðgjafa innan heilsugæslunnar felst í að styðja einstaklinga, pör eða fjölskyldur í erfiðum aðstæðum með stuðningsviðtölum og fjölskylduráðgjöf. Einnig eru þeir oft málstjórar fyrir sína skjólstæðinga innan teymana. Í þessum samhengi geta félagsráðgjafar í heilsugæslunni unnið í samvinnu við lækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og annað fagfólk til að tryggja heildræna umönnun og stuðning fyrir þá sem þjónustan beinist að. Á síðast liðnum árum hefur þáttur félagsráðgjafa innan heilsugæslunnar aukist mjög og viðbúið að það verið áframhaldandi þróun.

Dagskrá:

- 14:15-14:30 Kynning á fyrstu línu þjónustu. Dr. Helga Sól Ólafsdóttir félagsráðgjafi
- 14:30-14:45 Kynning á þjónustu félagsráðgjafa innan heilbrigðisstofna á landsbyggðinni. Helga Lind Pálsdóttir félagsráðgjafi

- 14:45-15:00 Kynning á annarri línu þjónustu. Íris Dögg Harðardóttir og Margrét Ófeigsdóttir félagsráðgjafar
- 15:00-15:15 Umræður

Fátækt og valdeflandi velferðarkerfi

Stofa I

Umsjón málstofu: Dr. Guðný Björk Eydal

Kynntar verða rannsóknir sem snúa að fátækt á Íslandi, áskoranir ungra öryrkja, lífssögurannsókn og rætt um hvort íslenskt velferðarkerfi grípi fólk þegar á reynir.

Dagskrá:

- 14:15-14:30 Fátækt á Íslandi: Hverjir og hversu lengi. Í erindi sínu gerir Kolbeinn grein fyrir opinberum mælingum á fátækt og niðurstöðum þeirra. Dr. Kolbeinn H. Stefánsson, dósent við Félagsráðgjafardeild HÍ.
- 14:30-14:40 Áskoranir ungra öryrkja: Fátækt og félagsleg einangrun. Í erindinu gerir Huguína grein fyrir niðurstöðum viðtalsrannsóknar meðal ungra öryrkja sem hún vann haust 2024, með áherslu á hvernig þeim tekst að takast á við verkefni fullorðinsára. Huguína Ingólfsdóttir MA nemi í félagsráðgjöf
- 14:40-14:50 Að búa við langtímafátækt. Í erindinu gerir Jóhanna grein fyrir niðurstöðum lífsögurannsóknar meðal kvenna sem hafa búið við fátækt um langt skeið um reynslu þeirra og lærdóma. Jóhanna Freyja Ásgeirsdóttir MA nemi í félagsráðgjöf
- 14:50-15:05 Er íslenskt velferðarkerfi valdeflandi þegar á reynir? Í erindinu gerir Guðný Björk grein fyrir þeim úrræðum sem fólk sem verður fyrir tekjumissi hefur og hvort þjónusta og stuðningur séu í samræmi við heimsmarkmið. Dr. Guðný Björk Eydal, prófessor við Félagsráðgjafardeild HÍ
- 15:05-15:15 Umræður

Lota 3 kl. 15:30-16:30

Streitustjórnun og handleiðsla – forvarnir fyrir „duglega“ félagsráðgjafa – Hagnýt vinnusmiðja gegn streitu og kulnun til eflingar í starfi

Stofa D

Umsjón vinnusmiðju: Huguína Linda Guðmundsdóttir

Vísbendingar eru um aukið álag hjá starfsfólki í félags og heilbrigðisþjónustu sem og í öðrum hjálparstéttum. Aukin streitutengd veikindi, vinnustreita og kulnun eru merki um að eitthvað þarf að breytast. Í þessari vinnustofu er markmiðið að skoða hvað veldur, hvað þarf að huga að varðandi líðan og árangur í starfi. Streitustjórnun er einn þáttur sem forvörn gegn streitu og kulnun en alls ekki það eina sem skiptir máli. Fagleg handleiðsla yfir lengri tíma er mikilvægur þáttur sem styður fagmanninn, eykur vellíðan, faglega þróun og árangur í starfi. Stuðningur og handleiðsla verndar fagmanninn, bætir samstarf og eykur gæði þjónustu.

Uppbygging vinnusmiðju:

1. Fræðsla og skilgreiningar um streitu, kulnun, Streitustjórnun og seiglu.
2. Verkefni og umræður um áskoranir og streituvalda í starfi
3. Áhrif streitu á líðan og árangur í starfi
4. Hvernig er hægt að innleiða Streitustjórnun og handleiðslu í daglegt líf til forvarnar

Þetta er hagnýt vinnustofa þar sem þátttakendur geta bæði nýtt sér efnið persónulega en líka nýtt það í vinnu með sínum skjólstæðingum. Hugrún Linda Guðmundsdóttir félagsráðgjafi

Uppbyggileg réttvísi og birtingarmyndir ofbeldis

Stofa E

Umsjón vinnusmiðju: Kristín Skjaldardóttir

Í vinnusmiðjunni verða kynntar niðurstöður rannsókna á dómum í málum er varða ofbeldi í nánnum samböndum og þolendamíðað úrræði. Jafnframt verður kynnt úrræðið Uppbyggileg réttvísi, þar sem unnið er með þolendur og gerendur í alvarlegum ofbeldismálum, svo sem kynferðisbrotamálum.

Dagskrá:

- 14:15-14:30 Birtingarmyndir ofbeldis í nánnum samböndum – kynnt verður rannsókn þar sem dómar í sakamálum sem snerust um ofbeldi í nánnum samböndum á árunum 2016-2019 voru innihaldsgreindir. Helga Katrín Hjartardóttir, félagsráðgjafi og Dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir
- 14:30-15:00 Uppbyggileg réttvísi - kynning á úrræðinu og hvernig það getur nýst í miðlun á milli brotaþola og (meintrá) gerenda. Kristín Skjaldardóttir félagsráðgjafi og Þóra Sigfríður Einarisdóttir sálfræðingur
- 15:00-15:15 Umræður

Skólafélagsráðgjöf – farsæld barna og snemmtækur stuðningur við börn og fjölskyldur

Stofa F

Umsjón málstofu: Sigrún Harðardóttir

Áherslur farsældarlaga beinast meðal annars að snemmtækum stuðningi til hagsældar fyrir öll börn. Í málstofunni verður fjallað um áskoranir og tækifæri í starfi skólafélagsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum.

- 15:30-15:45 Mikilvægi félagsráðgjafa í grunnskólum. Hver eru helstu verkefni og hvernig nýtist vinnulag félagsráðgjafa innan skóla. Hörn Ragnarsdóttir félagsráðgjafi.
- 15:45-16:00 Skólafélagsráðgjöf og farsæld barna í sérskóla. Helstu verkefni og áskoranir skólafélagsráðgjafa í sérskóla og hvernig hafa farsældarlögin breytt stöðu fatlaðra barna? Lísa Njálisdóttir félagsráðgjafi.
- 16:00-16:15 Skólafélagsráðgjöf. Er of seint að vinna á snemmtækan hátt með ungmennum á framhaldsskólaaldri? Halla Dröfn Jónsdóttir félagsráðgjafi.
- 16:15-16:30 Umræður

Raddir barna – SES og Sáttamiðlun

Stofa G

Umsjón vinnusmiðju: Gyða Hjartardóttir

Á málstofunni verður fjallað um raddir barna og gagnreynd verkfæri. Hvernig fáum við raddir barna til að endurspeglast betur í okkar vinnu með börnum og fjölskyldum og hvernig náum við betur til barna út frá þörfum þeirra hverju sinni með barnvænum hætti með tilliti til réttinda þeirra.

Dagskrá:

- 15:30-16:00 Merki um öryggi (SofS) og Samvinna eftir skilnað (SES) er gagnreynd hugmyndafræði sem veitir fagfólki hagnýt verkfæri til að vinna með börnum og fjölskyldum. Í vinnusmiðjunni verður fjallað um helstu áskoranir sem barnaverndarstarfsmenn verða fyrir í sínu starfi þegar kemur að því að tala við börn. Jafnframt verða verkfæri SofS og SES kynnt, en bæði leggja til verkfæri og verklag til að tala við börn á þeirra forsendum og aðstoðar þannig fagfólk við að fá fram raddir barna án þess að láta börnin bera ábyrgð á þeim aðstæðum sem barnið er í. Gyða Hjartardóttir, félagsráðgjafi
- 16:00-16:15 Sáttameðferð tækifæri til að finna lausn! Tilgangur erindis er að skapa umræðu um sáttameðferð hjá Sýslumanni. Þannig að félagsráðgjafar fái betri innsýn inn í verklag og framkvæmd sáttameðferðar þegar kemur að skilnaði, forsjá, lögheimili og umgengni. Sáttameðferð er tilboð fyrir þjónustuþega að leita lausna á málum sínum, þegar ekki nást sáttir hjá fólki við skilnað varðandi forsjá, lögheimili eða umgengni. Sáttameðferð er fer fram á forsendum þeirra sem þiggja sáttameðferð og engin ákvarðanatáka á sér stað í sáttameðferð nema á forsendum þjónustuþega. Rætt er við börn í sáttameðferð og er foreldrum kynnt afstaða þeirra og þau hvött til að leita lausna með hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Ragna Björg Guðbrandsdóttir, félagsráðgjafi
- 16:15-16:30 Umræður

Réttur barna til öruggrar umönnunar: Fæðingarorlofskerfi og leikskóli

Stofa H

Umsjón umræðustofu: Guðný Björk Eydal

Umræðustofan hefst á kynningu á íslenskri umönnunarstefnu og hún sett í samhengi við stefnuna á Norðurlöndum. Gerð verður grein fyrir fæðingarorlofskerfi Norðurlanda og rétt barna til leikskóladvalar. Einnig verður fjallað um niðurstöður innlendar rannsóknar þar sem fæðingarorlofsnýting og dvöl barna á leikskóla er greind eftir hjúskaparstöðu og félags- og efnahagslegri stöðu foreldra. Í umræðustofunni verður lögð áhersla á að að ræða hvernig umönnunarstefnan þjónar hagsmunum barna sem búa við ólík aðstæður og spurt hvort hún styðji við bestu mögulegu umönnun barna á Íslandi.

Dagskrá:

- 15:30-15:50 Umönnunarstefna á Norðurlöndunum í samhengi við réttindi barna, staðan hérlendis. Dr. Ásdís A. Arnalds og Dr. Guðný Björk Eydal prófessor við Félagsráðgjafardeild HÍ
- 15:30-16:00 Umönnunarstefna frá sjónarhóli barnaverndarstarfsmanns. Páll Ólafsson, félagsráðgjafi
- 16:00-16:20 Hvernig tryggjum við börnum bestu umönnun: Umræður í hópum
- 16:20-16:30 Samantekt á niðurstöðum hópa

Greiningar um fátækt. Gagnadrifin félagsráðgjöf til framtíðar

Stofa I

Umsjón umræðustofu: Halldór S. Guðmundsson

Fjallað verður um hvernig má nýta fyrirbyggjandi gögn í starfi félagsráðgjafa og við stefnumótun. Markmið umræðustofunnar er að auka skilning á breytingum sem orðið hafa á síðustu tveimur áratugum hvað varðar félagslega stöðu hópa sem mælast undir lágtekjumörkum í íslensku samfélagi. Með greiningu á aðstæðum og sérkennum þeirra má skapa grundvöll fyrir þróun markvissra aðgerða sem stuðla að félagslegri velferð og þátttöku á grunni samtímagagna. Í málstofunni verður lögð áhersla á að kynna notkun skráargagna og niðurstöður rannsókna við að meta stöðu og aðstæður fimm hópa: innflytjenda, einstæðra foreldra, barnafjölskyldna, námsmanna og öryrkja. Einnig verður fjallað um möguleg áhrif tæknibreytinga, þar á meðal gervigreindar, á störf félagsráðgjafa og stuðning þeirra við viðkvæma hópa í samfélaginu. Fyrirkomulag málstofunnar byggist á fjórum stuttum kynningum Kolbeins H. Stefánssonar, dósents, Herdísar Steingrímsdóttur, lektors, Kjartans Ólafssonar, sérfræðings og Halldórs S.

Guðmundssonar, dósents. Að því loknu taka við umræður í hópum og síðan almenn umræða með þátttöku gesta. Markmiðið er að leiða fram nýjar hugmyndir og lausnir um rannsóknarefnin og áhrif gagna og rannsókna á áherslur í félagsráðgjöf.